

## AUGLÝSING

### um staðfestingu reglugerðar fyrir Tónlistarskóla Stykkishólms.

Með vísan til 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, staðfestist hér með reglugerð fyrir Tónlistarskóla Stykkishólms, sem samþykkt var af bæjarstjórn Stykkishólms hinn 14. desember 2006 og birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 26. janúar 2007.*

**Borgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

*Guðmundur Árnason.*

### Fylgiskjal.

#### Reglugerð fyrir Tónlistarskóla Stykkishólms.

1. gr.

Skólinn heitir Tónlistarskóli Stykkishólms. Skólinn er eign Stykkishólmsbæjar og fer bæjarstjórn Stykkishólms með yfirstjórn hans. Skólinn starfar skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 með síðari breytingum.

2. gr.

Hlutverk og meginmarkmið skólans er að efla hæfni, þekkingu og þroska nemendanna, og stuðla að öflugu tónlistarlífi í Stykkishólmi. Kennsluáferðir og viðfangsefni skulu vera í samræmi við gildandi aðalnámskrá og skólanámskrá hverju sinni.

3. gr.

Bæjarstjórn skipar þriggja manna skólanefnd og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Bæjarstjórn skipar formann nefndarinnar en nefndin kys sér sjálf ritara.

4. gr.

Skólanefnd fer með yfirstjórn skólans í umboði bæjarstjórnar og starfar eftir samþykktu erindisbréfi nefndarinnar. Formaður skólanefndar boðar til fundar með dagskrá, með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, að jafnaði einu sinni í mánuði yfir starfstímann. Formanni er þó heimilt að fella niður fund að höfðu samráði við skólastjóra. Skal nefndin gera samþykkt um fundartíma á sínum fyrsta fundi.

Formanni er skylt að boða til aukafundar ef tveir nefndarmenn, skólastjóri eða formlegur kennarafundur æskir þess. Skólastjóri eða staðgengill hans situr fundi skólanefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Bæjarstjórn ræður skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd.

## 6. gr.

Skólastjóri fer með daglega stjórnun skólans. Hann ber ábyrgð á að skólastarfið sé í samræmi við reglugerð þessa og námskrár og reglur sem í gildi eru um tónlistarskóla í landinu á hverjum tíma. Skólastjóri skal framfylgja samþykktum skólanefndar. Hann hefur umsjón með húsnæði og eigum skólans. Skólastjóri skal ganga frá vinnuskýrslum starfsmanna til launafulltrúa Stykkishólmsbæjar, árita reikninga til greiðslu og annast skráningu nemenda. Skólastjóri kemur fram fyrir hönd skólans gagnvart starfsmönnum, nemendum og foreldrum þeirra svo og aðilum utan skólans.

## 7. gr.

Skólastjóri skal gera áætlun um kennslustundafjölda í samráði við skólanefnd. Skal áætlun þessi lögð fyrir bæjarstjórn til samþykktar. Áætlun um kennsluskipan og námsframboð skal liggja fyrir í upphafi skólaárs.

## 8. gr.

Kennarafundi skal halda eftir því sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en 4 sinnum á starfstíma skólans. Skólastjóri boðar til kennarafunda með dagskrá og skulu fundir skráðir í bók. Skytt er öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi. Skytt er stundakennurum að sækja kennarafund ef skólastjóri æskir þess, enda sé boðað til fundarins með a.m.k. þriggja daga fyrirvara.

## 9. gr.

Rekstur skólans skal kosta með fjárveitingum á fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar og skólagjöldum nemenda. Skólastjóri og bæjarritari semja drög að fjárhagsáætlun næsta árs og leggja fyrir skólanefnd eigi síðar en í lok nóvembermánaðar. Skólanefnd leggur tillögur að fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu. Skrifstofa Stykkishólmsbæjar annast greiðslu launa og rekstrarreikninga svo og bókhald Tónlistarskóla Stykkishólms.

## 10. gr.

Skólagjöld eru ákveðin af bæjarstjórn Stykkishólms að fengnum tillögum skólanefndar Tónlistarskólans. Skólagjöld skulu greidd fyrirhluta hverrar annar og annast skrifstofa Stykkishólmsbæjar innheimtu þeirra. Hækkun gjalda skal ætíð miðast við upphaf skólaárs.

## 11. gr.

Starfstími Tónlistarskólans er sá sami og Grunnskólans í Stykkishólmi og skal skóladagatal hvers skólaárs taka mið af dagatali Grunnskólans, eftir því sem kostur er og skulu vetrarleyfis dagar vera þeir sömu. Um laun, viðverutíma og vinnuskyldu skólastjóra og kennara fer eftir gildandi kjarasamningi milli Félags tónlistarskólakennara og Félags íslenskra hljómlistarmanna annars vegar og launanefndar sveitarfélaga hins vegar.

## 12. gr.

Rétt til skólavistar hefur hver sá er áhuga hefur á tónlistarnámi því sem skólinn býður upp á, innan þess ramma sem stöðugildi innan skólans og fjárveiting til hans gefur. Kennslufyrirkomulag og námsframboð skal auglýsa við innritun.

Purfi að takmarka fjölda nemenda á einstökum námssviðum er skólanum m.a. heimilt að beita hæfnisprófum og breyta auglýstu kennslufyrirkomulagi.

Heimilt er skólastjóra að vísa nemanda frá námi ef hann hefur ekki sinnt því um lengri tíma eða hefur gerst brotlegur við reglur skólans og ekki látið skipast við áminningu.

Ef umsækjandi sækir um nám á fleiri en eitt hljóðfæri er skólastjóra í samráði við kennara heimilt að meta umsóknina út frá fyrri ástundun nemandans.

Úrskurðum skólastjóra má skjóta til skólanefndar.

13. gr.

Reglugerð þessi er samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólms 14. desember 2006.

**Erla Friðriksdóttir** bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar.

---

B-deild – Útgáfud.: 19. febrúar 2007